

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Heimili og varnarþing stefnda er í Hafnarfirði, og var stefnan í máli þessu birt þar. Skilyrðum 80. gr. laga nr. 85/1936 hefur því eigi verið fullnægt. Þar sem eigi verður talið, að heimild 1. mgr. 82. gr. sömu laga nái yfir kröfu stefnanda, og þar sem skjöl málsins bera ekki með sér, að aðiljar hafi samið um meðferð málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, fæst ekki séð, með hvaða heimild stefnandi höfðar mál þetta hér fyrir bæjarþinginu. Ber því af sjálfsdáðum að vísa málinu frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason, settur borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er af sjálfsdáðum vísað frá dómi.

Föstudaginn 11. apríl 1975.

Nr. 154/1972. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga

(Árni Halldórsson hrl.)

gegn

Rafnkeli Jónssyni og gagnsök

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Mjólkurflutningar. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Oddsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m.,

en stefnan var birt 1. desember 1972. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. desember 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 130.286.95 með 7% ársvöxtum af kr. 13.988.32 frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1961, af kr. 28.342.66 frá þeim degi til 1. janúar 1962, af kr. 43.835.62 frá þeim degi til 1. janúar 1963, af kr. 59.264.25 frá þeim degi til 1. janúar 1964, af kr. 73.597.25 frá þeim degi til 1. janúar 1965, af kr. 88.051.49 frá þeim degi til 1. janúar 1966, af kr. 105.135.29 frá þeim degi til 1. janúar 1967, af kr. 127.585.75 frá þeim degi til 1. janúar 1968 og af kr. 130.286.95 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Framleiðsluráðs landbúnaðarins, dags. 30. desember 1974. Er þar lýst fyrirkomu-lagi mjólkurflutninga frá framleiðendum til 14 mjólkursam-laga, en þau eru alls 18 í landinu. Einnig er þar skýrt frá því áliti framleiðsluráðsins, að ákvæði 24. gr. laga nr. 101/1966 „snerti engan veginn flutningskostnað frá bændum að sam-lagi“.

Samþykktir fyrir Mjólkursamlag Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafa einnig verið lagðar fyrir Hæstarétt. Eru þær frá árinu 1967 og gilda ekki um tímabil það, sem málið fjallar um. Samkvæmt málflutningi voru engar slíkar samþykktir gerðar fyrr.

Aðaláfrýjandi ber eigi lengur fyrir sig, að hluti kröfu gagnáfrýjanda sé fallinn niður fyrir fyrningu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að undan-skildu ákvæði um málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, greiði gagnáfrýjanda, Rafnkeli Jónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 18. febrúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. janúar sl. að aflokn-um munnlegum málflutningi, hefur Rafnkell Jónsson bóndi, Dýhól, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, höfðað fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu með stefnu, útgefinni 14. ágúst 1970, gegn Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga, Höfn í Hornafirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 130.286.95 með 7% ársvöxtum af kr. 13.988.32 frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1961, af kr. 28.342.66 frá 1. janúar 1961 til 1. janúar 1962, af kr. 43.835.62 frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1963, af kr. 59.264.25 frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1964, af kr. 73.597.25 frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, af kr. 88.051.49 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 105.135.29 frá 1. janúar 1966 til 1. janúar 1967, af kr. 127.585.75 frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1968 og af kr. 130.286.95 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi hefur gert þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands. Til vara hefur stefndi krafist þess við munnlegan flutning málsins, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð, eða um kr. 73.597.25, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að mjólkursamlag stefnda, Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, hafi haldið eftir af mjólkurinnleggi sínu samtals kr. 130.286.95 upp í flutningskostnað á tímabilinu frá 1. janúar 1959 og til og með febrúarmánuði 1967, en kaupfélagið hafi síðan greitt fjárhæð þessa til mjólkurflutninga-nefndar Nesjahrepps. Stefnandi kveðst hins vegar ekki hafa flutt neina mjólk á framangreindu tímabili á vegum mjólkurflutninga-nefndar Nesjahrepps, heldur hafi hann annast mjólkurflutningana sjálfur að öllu leyti. Ástæðurnar fyrir því, að hann notaði ekki mjólkurbíl hreppabænda, kveður stefnandi vera þá, að hann hafi ekki talið bifreiðina uppfylla þau skilyrði, sem gerð hafi verið

til mjólkurflutningabíla. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi á fundi mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps í Ártúni í október eða nóvember 1958 lýst því yfir, að hann mundi ekki flytja mjólk með mjólkurflutningabílum frá og með 1. janúar 1959, ef ekki yrði úr því bætt. Stefnandi kveðst svo hafa hætt að flytja mjólkina með mjólkurflutningabílum frá þeim tíma.

Eftir að stefnandi hætti að flytja mjólkina með mjólkurflutningabílum, var haldið áfram að draga flutningskostnað frá mjólkurinnleggi hans. Hann kveðst strax hafa kvartað yfir þessu við Gísla Arason, mjólkurbússtjóra KASK, sem hafi vísað málinu frá sér til Ásgríms Halldórssonar kaupfélagsstjóra. Stefnandi kveðst oft hafa rætt þetta mál við Ásgrím Halldórsson kaupfélagsstjóra, bæði á árinu 1959 og síðar, og krafist þess, að KASK hætti að draga flutningskostnað frá innleggi sínu, en án árangurs.

Stefndi lýsir málsástæðum svo í greinargerð, að árið 1956 hafi verið stofnað mjólkursamlag á Höfn í Hornafirði, eign stefnda. Bændur í Nesjahreppi hafi sjálfir ákveðið að annast mjólkurflutninga frá búum sínum til mjólkurstöðvarinnar á Höfn, en samkvæmt ósk þeirra hafi verið haldið eftir ákveðinni fjárhæð frá þeim per innlagðan mjólkurlíttra til greiðslu á flutningskostnaði, en þetta fé hafi síðan verið greitt mjólkurframleiðendum í hreppnum í samræmi við fundarsamþykktir þeirra þar um. Stefndi telur, að stefnandi hafi ekki haft ástæðu til að hætta að flytja mjólk með flutningabílum.

Þá er því enn fremur haldið fram af hálfu stefnda, að enda þótt stefnandi kunni að hafa átt endurgreiðslukröfu á hendur honum, þá hafi hann með aðgerðarleysi fyrirgert rétti sínum til endurgreiðslunnar, þar eð skrifleg krafa um endurgreiðslu hafi ekki borist fyrr en með bréfi, dags. 29. ágúst 1966. Þá hefur lögmaður stefnda haldið því fram við munnlegan málflutning, að sá hluti stefnukröfunnar, sem er til orðinn fyrir 1. janúar 1964, sé fyrndur, eða kr. 73.597.25.

Árið 1957, mánudaginn 18. nóvember, var haldinn fundur í Mánagarði í Nesjahreppi samkvæmt fundarboði til þess að ræða um skipulagningu mjólkurflutninga í hreppnum. Á fundi þessum var samþykkt, að allir mjólkurframleiðendur í sveitinni, þ. e. Nesjahreppi, sem seldu mjólk til mjólkursamlags Kaupfélags Austur-Skaftfellinga yrðu í félagi með að flytja mjólkina og að allir skyldu þeir greiða sömu fjárhæð í flutningskostnað per mjólkurlíttra.

Á fundinum var kosin 5 manna nefnd til að sjá um fyrirkomu-

lag flutninganna, byggingu brúsapalla og annað það, sem mjólkurflutninga deildarinnar varðaði, og segir í fundargerð, að það skyldi vera bindandi fyrir alla þá, sem mjólk seldu. Ekki kemur fram, hve margir bændur mættu á þessum fundi, en stefnandi máls þessa var kosinn í nefnd þá, sem að framan greinir, með 17 atkvæðum, og fengu ekki aðrir fleiri.

Á fundi Nesjadeildar KASK, sem var haldinn í Mánagarði 22. júní 1959, var svohljóðandi tillaga samþykkt:

„Deildarfundur, haldinn í Mánagarði 22. júní 1959, skorar á þá nefnd, sem kosin var til að annast mjólkurflutninga í Nesjahreppi, að afgreiða í samráði við framkvæmdastjóra það leiðindamál, sem hlotist hefur í sambandi við mjólkurflutninginn, og leysi það mál. Enn fremur geri nefndin, með fundi, framleiðendum fulla grein fyrir lausn málsins.

Sigurður Hjaltason Hjalti Jónsson.“

Má ætla, að „leiðindamál“ það, sem um ræðir í tillögunni, sé mjólkurflutningamál stefnanda.

Árið 1959, miðvikudaginn 1. júlí, var svo fundur haldinn aftur í Nesjadeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og voru 23 menn mættir á þeim fundi. Virðist fundur þessi hafa fjallað eingöngu um mjólkurflutningamál innan deildarinnar.

Á fundinum komu fram 4 tillögur.

1. Leifur Guðmundsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Fundurinn samþykkir, að mjólkurflutningur úr Nesjahreppi til Mjólkurstöðvarinnar á Höfn verði með sama fyrirkomulagi og verið hefur. Öllum framleiðendum ber að greiða sama flutningsgjald fyrir hvern mjólkurlítra, hvort sem mjólkin er flutt með mjólkurbílum eða á annan hátt.“

Því næst lagði Sigfinnur Pálsson fram eftirfarandi tillögu:

„Fundurinn samþykkir, að mjólkurflutningar verði óbreyttir að öðru leyti en því, að Rafnkell Jónsson, Dýhól, fái framvegis að flytja sína mjólk sjálfur, og gjald það, sem tekið hefur verið af honum, síðan hann hóf flutninga, verði þegar hætt að innheimta, enda verði hann hér eftir að sjá um sína flutninga, nema meiri hluti framleiðenda í mjólkurflutningafélagi Nesjamanna samþykki að taka hann aftur í flutningafélagið.“

Þriðju tillöguna lagði Rafnkell Jónsson fram, svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir, að framleiðendur í Nesjum kaupi bíl til mjólkur- og vöruflutninga og reki bílinn algjörlega sjálfir.“

Fjórdða tillagan kom fram frá Agli Jónssyni, svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir, að athugaðir verði möguleikar á kaup-

um á bifreið, á vegum deildarinnar, sem rekin yrði fyrir sameiginlegan reikning og á ábyrgð mjólkurframleiðenda. Þangað til verði gerðir samningar um flutning á annan hátt til skamms tíma í einu. Samningar, sem gerðir verða og gilda um flutninga til mjólkurbúsins á Höfn, meðal annars með sameignarbifreið, verði bindandi fyrir alla mjólkurframleiðendur og brot á þeim valdi réttarmissi til sölu mjólkur til mjólkurbúsins, eftir samkomulagi við mjólkurbílstjóra og framkvæmdastjóra Kaupfélags A-Skaftfellinga.

Mjólkurnefnd þeirri, sem starfað hefur á vegum deildarinnar, verði falin framkvæmd málsins.“

Er þessi tillaga kom fram, tóku þeir, er lagt höfðu fram hinar tillögurnar, þær aftur. Var hún borin undir atkvæði og samþykkt móttatkvæðalaust.

Undir þessa fundargerð rita 10 fundarmenn, þ. á m. stefnandi máls þessa.

Á fundi mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps 30. nóvember 1961 var tekin fyrir beiðni frá Rafnkeli Jónssyni, stefnanda máls þessa, um að mega flytja mjólk sína með mjólkurflutningabíl hreppsins. Beiðnin var háð þeim skilyrðum, að mjólkurbíllinn hafi skjólborð allt að 1.25 m á hæð og að breitt væri yfir mjólkurbrúsana. Um þessa beiðni bókaði mjólkurflutninganefndin eftirfarandi:

„Það skal tekið fram, að í gerðabók Nesjadeildar Kaupfélags A-Skaft. er fundarsamþykkt um, að allir mjólkurframleiðendur í Nesjahreppi skuli vera skyldugir til að flytja mjólkina með mjólkurflutningabílnum, og hefur nefndin því enga athugasemd við að gera, þótt Rafnkell Jónsson flytji mjólk sína með honum.“

Fimmtudaginn 8. mars 1962 kom mjólkurflutninganefndin saman á fund ásamt stefnanda máls þessa, Rafnkeli Jónssyni, Dýhól, og Gísla Arasyni, mjólkurbússtjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Fyrir fundinum lá beiðni stefnanda um að fá mjólk sína flutta með mjólkurflutningabifreið hreppsins gegn því, að hann fengi endurgreitt flutningsgjald það, sem af honum hafði verið tekið síðastliðin ár, án þess að mjólk hans hafi verið flutt með mjólkurbílnum.

Mjólkurflutninganefndin taldi það ekki vera á sínu valdi að gera út um þessi mál og vísaði þeim algerlega frá sér, en taldi, að stefnanda bæri að snúa sér til framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga með kröfur sínar, þar sem framkvæmdarvaldið væri hjá honum.

Fimmtudaginn 7. júní 1962 kom mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps aftur saman ásamt framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga til að ræða um samninga við Rafnkel Jónsson. Var þetta talinn framhaldsfundur frá 8. mars 1962. Um niðurstöðu þessa fundar segir orðrétt í fundargerð:

„Var sú afstaða tekin að gera ekkert frekar í því máli, en biðja þess, hvort Rafnkell gerði eitthvað frekar í því og láta þá ráðast, hvort mál þetta fellur á Nesjadeild eða ekki.

Nefndin telur sig ekki hafa brotið neitt af sér gagnvart Rafnkeli og telur sig ekki geta breytt neitt afstöðu sinni að svo komnu, en lýsir sig eindregið fylgjandi þeim aðgerðum, sem gerðar hafa verið.

Framkvæmdastjóri telur sig ekki vera samningsaðila, en hefur þótt rætt málið við Rafnkel um samningsleið til samkomulags.

En Rafnkell hefur algerlega vísað því frá og telur sig annað hvort eiga rétt til þess að fá allan flutningskostnaðinn endurgreiddan eða ekki neitt af honum.“

Þann 24. september 1966 kom mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps enn saman á fund. Var þá lagt fram bréf frá Ásgrími Halldórssyni kaupfélagsstjóra ásamt kröfu frá Rafnkeli Jónssyni, Dýhól, á hendur mjólkursamlagi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Óskaði kaupfélagsstjóri umsagnar um kröfu Rafnkels. Að athuguðu máli taldi nefndin sér ekki skylt að taka ákvörðun í málinu og skrifaði kaupfélagsstjóra, Ásgrími Halldórssyni, bréf um það. Hinn 27. janúar 1967 hélt Mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps enn einu sinni fund um mál þetta. Allir nefndarmenn voru mættir á fundinum svo og framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Hann fór þess á leit, að nefndarmenn segðu til um, hvort taka skyldi áfram flutningsgjald af mjólk, sem Rafnkell Jónsson flytti sjálfur til mjólkurstöðvarinnar á Höfn. Að öðrum kosti skyldi nefndin segja til um, af hverjum ætti að taka flutningsgjald og hve mikið. Af þessu tilefni taldi nefndin afstöðu sína, sem kom fram í fundargerð 24. september 1966, vera óbreytta og vísaði til hennar.

Atvik þau, sem mál þetta er risið út af, eru mörg óljós og spanna yfir 10 ára tímabil. Vitnin, sem leidd hafa verið í málinu, muna lítið eða ekki eftir sumum atvikum, sem kynnu að skipta einhverju um úrslit þess.

Engu að síður skal þó lagður efnisdómur á málið. Eins og að framan greinir, kveðst stefnandi hafa hætt að flytja mjólk sína með mjólkurflutningabíl bænda í Nesjahreppi, vegna þess að út-

búnaði hans hafi verið ábótavant svo og að vörur hafi verið fluttar með mjólkinni gagnstætt lagafyrirmælum þar að lútandi. Ekki hefur stefnanda tekist að sanna þessa staðhæfingu sína um ástand bílsins og óleyfilega vöruflutninga með mjólkinni. Hins vegar verður að telja, að samkomulag það um mjólkurflutninga, sem stefnandi samþykkti og skrifaði undir í Mánagarði 18. nóvember 1957, hafi verið uppsegjanlegt. Eins og að framan greinir, kveðst stefnandi hafa sagt því upp á fundi í október eða nóvember 1958 frá og með 1. janúar 1959. Ekki liggur annað fyrir í málinu um það, að uppsögnin hafi farið fram á því tímabili en framburður stefnanda.

Ekki er heldur vitað, hvenær Ásgrími Halldórssyni, framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, hafi verið fyrst kunnugt um kröfur stefnanda né heldur hvenær hann hætti að flytja mjólk sína með mjólkurflutningabifreið Nesjahrepps.

Af fundargerð deildarfundar Nesjadeildar Kaupfélags Austur-Skaftfellinga mánudaginn 22. júní 1959 virðist þó mega ráða, að það hafi verið fyrir þann tíma.

Ásgrímur Halldórsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að Rafn-kell Jónsson hafi komið til sín, skömmu eftir að hann hafi hætt að flytja mjólk með mjólkurbílnum, og farið fram á, að hætt yrði að draga flutningskostnað frá mjólkurinnleggi sínu og að hann fengi flutningskostnað endurgreiddan frá þeim tíma, er hann hætti að flytja mjólkina með bíl mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps.

Eins og að framan greinir, var á fundi Nesjadeildar KASK 1. júlí 1959 samþykkt mótatkvæðalaust að athuga möguleika á kaupum á bifreið á vegum deildarinnar, sem rekin yrði fyrir sameiginlegan reikning og á ábyrgð mjólkurframleiðenda. Þangað til skyldu gerðir samningar um mjólkurflutninga á annan hátt til skamms tíma í einu. Samningar þeir, sem gerðir yrðu um flutninga til mjólkurbúsins á Höfn, skyldu verða bindandi fyrir alla mjólkurframleiðendur og brot á þeim valda réttarmissi sölu mjólkur til mjólkurbúsins eftir samkomulagi við mjólkurbússtjóra og framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Undir fundargerðina hefur stefnandi skrifað athugasemdalaust.

Á þessum fundi var Ásgrímur Halldórsson, framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og má hann hafa ætlað, að með aðgerðum sínum á fundinum hafi stefnandi staðfest samkomulagið frá 18. nóvember 1957.

Engu að síður virðist stefnandi þó ekki hafa hafið mjólkur-

flutninga með flutningabíl mjólkurflutninganefndar, heldur flutt hana sjálfur.

Þann 30. nóvember 1961 fjallar mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps um þá beiðni stefnanda að mega flytja mjólk sína með mjólkurflutningabíl hreppsins, þó með þeim fyrirvara, að bifreiðin uppfylli viss skilyrði.

Fimmtudaginn 8. mars 1962 kom mjólkurflutninganefndin saman á fund ásamt stefnanda og Gísla Arasyni, mjólkurbússtjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Fyrir fundinum lá ósk stefnanda um að fá mjólk sína flutta með mjólkurflutningabifreið hreppsins gegn því, að hann fengi endurgreitt flutningsgjald það, sem tekið hafði verið af honum síðastliðin ár, án þess að mjólk-in hafi verið flutt með bílnum. Nefndin vísaði þessu máli frá sér til framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, eins og að framan greinir.

Þegar hér var komið sögu, hafði stefnandi flutt mjólk sína sjálfur frá því á árinu 1959, að því er best verður séð.

Ásgrímur Halldórsson kaupfélagsstjóri hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi hafi oft endurtekið munnlega kröfu sína um endurgreiðslu á flutningskostnaði á árunum 1959-1966, bæði á skrifstofu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og úti á götu. Segist Ásgrímur Halldórsson stundum hafa hafið viðræður við stefnanda um þetta mál í þeirri von, að hægt væri að leysa það. Hann kveðst ávallt hafa svarað stefnanda á þá leið, að hann yrði að koma með skriflega kröfu. Hann kveðst einnig hafa tjáð stefnanda í þessum samtölum, að hann mundi ekki hætta að draga flutningskostnað frá mjólkurinnleggi hans, nema að fyrir lægi formlegt samþykki mjólkurflutninganefndar.

Þetta samþykki hefur ekki fengist.

Með hliðsjón af framanrituðu verður að ætla, að forráðamönnum Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafi á fundi mjólkurflutninganefndar 8. mars 1962 verið orðin ljós endurgreiðslukrafa stefnanda og að hann mundi halda sér við hana. Undir þetta rennir einnig stoðum bókun mjólkurflutninganefndar 7. júní 1962, sem er talin framhaldsfundur frá 8. mars 1962, þar sem framkvæmdastjóri Ásgrímur Halldórsson var einnig mættur. Þar segir, að framkvæmdastjóri hafi ekki talið sig vera samningsaðilja, en hafi samt sem áður rætt málið við Rafnkel Jónsson um samningsleið til samkomulags. Þar segir enn fremur, að Rafnkel hafi alveg vísað því frá og telji sig annað hvort eiga rétt til að fá allan flutningskostnaðinn endurgreiddan eða ekki neitt af honum.

Eins og fundarsamþykktir bera með sér, hefur mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps nokkrum sinnum fjallað um kröfu stefnanda, bæði samkvæmt ósk stefnanda og framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Nefndin hefur að mestu leyti hliðrað sér hjá því að taka afstöðu til kröfunnar, en virðist hafa vísað málinu til ákvörðunar framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga.

Eins og að framan hefur verið rakið, þá önnuðust bændur í Nesjahreppi sjálfir mjólkurflutninga frá búum sínum til mjólkurbús KASK á Höfn á umræddu tímabili og réðu til þess sérstaka vörubílstjóra. Flutningskostnaðinn innheimti Kaupfélag Austur-Skaftfellinga á þann hátt, að það hélt eftir ákveðinni fjárhæð af hverjum innvegnum mjólkurlíttra, að ósk bændanna eða framkvæmdanefndar þeirra, mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps.

Af þeim gögnum, sem liggja fyrir í málinu, má ráða, að mjólkurflutninganefndin hefur ekki gefið framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, Ásgrimi Halldórssyni, nein skýr svör um það, hvort halda skyldi áfram að taka flutningskostnað af mjólkurinnleggi stefnanda, eftir að hann var farinn að flytja mjólk sína sjálfur, heldur látið framkvæmdastjóranum eftir til ákvörðunar. Mjólkursamlag Kaupfélags Austur-Skaftfellinga tekur jafnframt á móti mjólk stefnanda, að því er virðist, mótmælalaust.

Með hliðsjón af málavöxtum verður ekki talið, að stefnda hafi verið rétt að halda eftir flutningskostnaði af mjólkurinnleggi stefnanda gegn mótmælum hans, eftir að niðurstaða fundar mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps frá 8. mars 1962 lá fyrir.

Krafa stefnda um fyrningu á hluta kröfunnar er ekki tekin til greina.

Þykir rétt, að stefnda verði gert að endurgreiða flutningskostnaðinn frá 1. apríl 1962.

Krafa stefnanda hefur ekki verið vefengd tölulega. Hins vegar mun vera um 28 kr. reikningsskekkju að ræða á árinu 1962.

Flutningskostnaðurinn sundurliðast þannig á árinu 1962:

Árið 1962		
Janúar	kr.	1.274.43
Febrúar	—	1.521.91
Mars	—	1.658.07

Samtals kr. 4.454.41

Apríl	kr.	1.541.00
Maí	—	1.841.64
Júní	—	1.789.19
Júlí	—	1.444.17
Ágúst	—	1.161.73
September	—	940.47
Október	—	734.16
Nóvember	—	622.15
Desember	—	928.51

Samtals kr. 11.003.02

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 81.996.92 með 7% ársvöxtum af kr. 11.003.02 frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1964, af kr. 25.336.02 frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, af kr. 39.790.26 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 56.874.06 frá 1. janúar 1966 til 1. janúar 1967, af kr. 79.295.70 frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1968 og af kr. 81.996.92 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Stefnda ber að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000.

Málflutningur í málinu fór fram, er talið var, að gagnasöfnun væri lokið hinn 22. júlí 1971, og þann dag fór málflutningur fram, en með gagnaöflunarúrskurði, uppkveðnum 16. september, var aðiljum gefinn kostur á öflun aukinna gagna.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn, Hornafirði, greiði stefnanda, Rafnkeli Jónssyni, Dýhól, Nesjahreppi, kr. 81.996.92 með 7% ársvöxtum af kr. 11.003.02 frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1964, af kr. 25.336.02 frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, af kr. 39.790.26 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 56.874.06 frá 1. janúar 1966 til 1. janúar 1967, af kr. 79.295.72 frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1968 og af kr. 81.996.92 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 15.000 í málskostnað.

Hið dæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.